

Reykjavík, 14. nóvember 2022

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2, Reyðarfirði
730 Fjarðabyggð

**Efni: Þjóðlendumál á Austfjörðum, svæði 11.
Kynning á heildarkröfum skv. 12. gr. laga nr. 58/1998.**

Eins og sveitarfélaginu hefur áður verið kynnt, sbr. bréf dags. 2. febrúar 2022, hefur óbyggðanefnd til meðferðar þjóðlendumál á svæði 11, Austfjörðum. Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra um þjóðlendumál á svæðinu var lýst í janúar 2022 og þær voru í framhaldinu kynntar með lögformlegum hætti. Öðrum mögulegum hagsmunaaðilum var samhliða kynningu veittur frestur til að lýsa kröfum, fyrst til 6. maí 2022 en fresturinn var tvisvar framlengdur, síðast til 20. júní 2022. Innan þess frests bárust 32 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og eitt erindi að auki.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 58/1998, um þjóðlendumál og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og af rétta, ber óbyggðanefnd að gera yfirlit yfir allar lýstar kröfur á því svæði sem til meðferðar er sem liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sýslumanns í a.m.k. einn mánuð. Frestur til athugasemda er síðan sjö dagar frá lokum kynningartímabilsins. Einnig hefur verið venja að gera gögnin aðgengileg hjá sveitarfélögum á viðkomandi svæði.

Meðfylgjandi eru gögn málsins, þ.e. kynningarhefti með öllum kröfulýsingum og erindum sem óbyggðanefnd hafa borist ásamt kröfulínukortum. Þess er vinsamlegast farið á leit að gögnin verði aðgengileg hjá sveitarfélaginu til loka athugasemdafrests. **Kynningartímabilið stendur yfir 15. nóvember 2022 – 15. desember 2022. Frestur til athugasemda er til 22. desember 2022.** Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að kynningargögnin verði tiltæk á öllum skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, auk sveitarfélaga á Austfjörðum. Einnig er hægt að nálgast gögnin á skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar.

Rannsókn óbyggðanefndar á málunum stendur yfir. Hún felur m.a. í sér ítarlega og kerfisbundna gagnaöflun um svæðin í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands en skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 ber óbyggðanefnd að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem til meðferðar eru og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Einnig verður farið í vettfangsferðir um ágreiningssvæðin, auk þess sem haldin verður svonefnd aðalmeðferð þar sem aðilar og vitni gefa skýrslur og og málin eru flutt munnlega. Leiði rannsókn óbyggðanefndar í ljós að einhver kunni að telja til eignarréttinda án þess að hafa lýst kröfu verður viðkomandi gefinn kostur á að gerast aðili máls, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðisins mun óbyggðanefnd síðan úrskurða um fram komnar kröfur.

Virðingarfyllst f.h. óbyggðanefndar



Erna Erlingsdóttir
skrifstofustjóri

Meðfylgjandi: Kynningarhefti um kröfur í þjóðlendumálum á Austfjörðum (svæði 11).